



cutting through complexity™

Úttekt vegna samningsviðræðna SHS og VEL um sjúkraflutninga

Fyrirtækjasvið

2. október 2012



	Bls.
Inngangur	2
Yfirferð á forsendum reiknilíkana	8
Kostnaðarskipting í samrekstri	13
Samlegð af samrekstri	16
Tillögur KPMG	19
Umfjöllun um forsendur líkana	21

Inngangur

Í tengslum við þessa skýrslu má hafa samband við:

Svanbjörn Thoroddsen

Fyrirtækjasvið
Partner, Reykjavík
KPMG Ísland
sthoroddsen@kpmg.is

Benedikt K. Magnússon

Fyrirtækjasvið
Partner, Reykjavík
KPMG Ísland
bmagnusson@kpmg.is

Helgi Rafn Helgason

Fyrirtækjasvið
Sérfræðingur, Reykjavík
KPMG Ísland
helgihelgason@kpmg.is

Tel +354 545 6000

Fax +354 545 6003

Fyrirvari

KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður samantektarinnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.

Vinnan er byggð á upplýsingum frá stjórnendum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins (SHS) og Velferðarráðuneytisins (VEL).

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

Ábyrgð KPMG á skýrslunni er einungis gagnvart verkaupum, Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins og Velferðarráðuneytinu sameignlega. Dreifing skýrslunnar til annarra aðila er alfarið á ábyrgð verkkaupa.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu samantektarinnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli samantektarinnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum SHS og VEL eða öðrum aðilum er að málinu kunna að koma.

KPMG fær greitt fyrir verkefnið í samræmi við unnar vinnustundir. Starfsmenn KPMG sem að verkefninu koma eiga engra fjárhagslegra hagsmuna að gæta hjá verkkaupa né njóta beins fjárhagslegs ávinnings af því að tillögum KPMG verði fylgt eftir.

Inngangur

Um verkefnið

Um verkefnið

- Meðfylgjandi skýrsla er unnin af fyrirtækjasviði KPMG fyrir Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins (SHS) og Velferðarráðuneyti Íslands (VEL).
- SHS hefur annast sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu um árabíl fyrir VEL og rekið í samrekstri við slökkvistarf á höfuðborgarsvæðinu. Ágreiningur er um það verð sem greiða á fyrir þá þjónustu sem SHS veitir VEL.
- Aðilar hafa því leitað til KPMG sem óháðan þriðja aðila til að aðstoða við lausn deilunnar.
- Hlutverk KPMG samkvæmt ráðningarbréfi er að:
 - Yfirfara og leggja mat á forsendur SHS og VEL vegna reksturs sjúkraflutninga og slökkviliðs
 - Meta eðlilega skiptingu kostnaðar milli slökkviliðsstarfsemi og sjúkraflutninga í samrekstri
 - Greina hagræðingu af samrekstri og meta uppsafnaða hagræðingu SHS frá árinu 2008

Mismunandi nálgun aðila

- Báðir aðilar hafa útbúið reiknilíkön til að reikna kostnað við rekstur sjúkraflutninga í sér félagi. Það er gert til að nálgast samlegðaráhrifin af samrekstri við slökkviliðið sem er ein meginástæðan fyrir áhuga beggja á samrekstri.
- Það er mikilvægt að hafa það í huga að forsendur hvors líkans fyrir sig taka mið af mismunandi nálgunum. Samanburður á forsendum og mat á kostnaði til grundvallar samlegðarútreikningum er því ekki einfalt mál.
- VEL stillir upp líkani fyrir nýjan rekstur með nýju fólki. KPMG hefur í raun ekki forsendur til að gagnrýna þá nálgun þó að við teljum kostnað á sumum stöðum vanmetinn og bendum á nokkra áhættuþætti sem vert er að huga að.
- SHS vill kostnaðarskiptingu út frá núverandi rekstri sem hefur þróast á liðnum 20 árum í takti við kröfur verkkaupa, VEL. Forsendur SHS taka mið af sögulegum rekstri og núgildandi kjarasamningum.
- VEL tekur þó fram að það hefur boðið endurskoðun á kröfum s.s. viðbragðstíma geti það stuðlað að lækkun kostnaðar.
- Báðir aðilar hafa þó látið í ljós áhuga á að halda samrekstri slökkviliðs og sjúkraflutninga áfram og telja ávinning af samlegðaráhrifum og bættu öryggi borgaranna.
- Þessi skýrsla innheldur niðurstöður á greiningarvinnu og mati á forsendum samkvæmt ráðningarbréfinu sem var undirritað. Þá leggjum við einnig fram tillögur að lausn deilunnar. Er það von KPMG að þær geti stuðlað að langtíma sátt í málinu sem mun skapa meiri vissu um framtíðar rekstur þessarar mikilvægu þjónustu.

Inngangur

Kostnaður, framlög eigenda og greiðsla VEL

Þróun rekstrarkostnaðar, framlaga eigenda og greiðslu VEL

- Efra grafið til hliðar sýnir þróun rekstrarkostnaðar og framlög frá sveitafélagunum og greiðslur frá Velferðarráðuneytinu á verðlagi hvers árs, frá 2008 fram til 2011.
- Kostnaður ársins 2012 er skv. áætlun SHS og greiðsla VEL sýnir annarsvegar samningstilboð SHS í bláum lit, og hins vegar samningstilboð VEL í brúnum.
- Frá 2008 hefur rekstrarkostnaður SHS á verðlagi hvers árs hækkað lítillega, framlög eigenda hafa heldur lækkað og greiðslur frá VEL hækkuðu mikið árið 2010 og gert er ráð fyrir annarri hækkun árið 2012.

Þróun á föstu verðlagi

- Neðra grafið sýnir þróun rekstrarkostnaðar, framlaga frá sveitarfélögum og greiðslu frá VEL á verðlagi 2008.
- Raunkostnaður við rekstur SHS hefur farið heldur lækkandi á liðnum árum. Greiðsla sveitarfélagana hefur einnig lækkað að raungildi frá 2008 en greiðsla VEL hækkaði verulega árið 2010 og krafa SHS gerir ráð fyrir annarri hækkun á árinu 2012.


Kostnaður við rekstur SHS, greiðslur frá eigendum og VEL á verðlagi 2008

Þ.kr.	2008	2009	2010	2011	2012*
Rekstrarkostnaður	1.601.946	1.604.146	1.472.926	1.342.888	1.302.923
% breyting		0%	-8%	-9%	-3%
Greiðsla VEL	383.036	363.457	458.203	441.239	615.226
% breyting		-5%	26%	-4%	39%
Greiðsla sveitarfélaga	1.110.906	1.033.452	951.810	863.934	826.652
% breyting		-7%	-8%	-9%	-4%

Ath: Miðað er við launavísitölu í janúar


Heimild: Greining KPMG byggt á ársreikningum SHS, rekstrarlíkani SHS og launavísitölu Hagstofunnar

Kostnaður og framlög á verðlagi hvers árs



Heimild: Greining KPMG byggt á ársreikningum SHS og rekstrarlíkani SHS

Kostnaður og framlög á föstu verðlagi



Ath: Miðað er við launavísitölu í janúar

Heimild: Greining KPMG byggt á ársreikningum SHS, rekstrarlíkani SHS og launavísitölu Hagstofunnar


Inngangur

Umsvif SHS á undanförunum árum

Þróunin á undanförunum árum

- Grafið á hægri hönd sýnir þróun útkalla hjá SHS frá 2006 til 2011.
- Útköll vegna slökkviliðsins hafa verið á bilinu 4-6% af heildarfjölda útkalla á liðnum árum.
- Útköll vegna sjúkraflutninga hafa verið um 94-96% af heildarfjölda útkalla, þar af hafa útköll vegna F-4 flutninga verið um 39-43%.
- Athygli vekur hve stöðug útköllin eru sem og innbyrðishlutföll milli útkalla sjúkraflutninga annars vegar og slökkviliðsins hins vega.
- Útköllum vegna sjúkraflutninga er skipt eftir forgangi skv. upplýsingum frá SHS með eftirfarandi hætti
 - F1 Alvarleg slys eða sjúkdómar þar sem lífsnauðsynlegri líkamsstarfsemi er ógnað og þörf er á sérhæfðri aðstoð læknis eða bráðatækna. Sjúkrabifreið skal send á vettvang með forgangsakstri.
 - F2 Alvarleg slys eða sjúkdómar þar sem lífsnauðsynlegri líkamsstarfsemi er ógnað, en ekki talin þörf á sérhæfðri aðstoð læknis eða bráðatækna. Sjúkrabifreið skal send á vettvang með forgangsakstri.
 - F3 Vægari sjúkdómstillfelli og minni slys. Sjúkrabifreið skal send strax á vettvang en ekki með forgangsakstri.
 - F4 Almennir sjúkraflutningar þar sem ekki er um að ræða bráð veikindi eða slys. Langvarandi veikindi og þekkt ástand sem litlar líkur eru á að breytist. Sjúkrabifreið send eins fljótt og hægt er en ekki með forgangsakstri.

Fjöldi útkalla 2006-2011



Heimild: Greining KPMG byggt á tölfræði SHS

Samrekstur slökkvi- og sjúkraflutninga

- SHS fyrir hönd sveitarfélaganna hefur séð um sjúkraflutninga fyrir ríkið gegn árlegri greiðslu frá VEL.
- Með lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar færðist samningsumboð Velferðarráðuneytisins yfir til Sjúkratryggingar Íslands. Ráðuneytið hefur þó komið aftur að þessum samningaviðræðum með beinum hætti vegna deilunnar.
- Ekki hafa náðst samningar vegna greiðslu fyrir árið 2012 og er enn verulegur munur á samningstilboðum hvors aðila.
- Síðasta tilboð SHS er 778 m.kr. en VEL hefur boðið 608 m.kr. Síðasta skjalfesta tilboð frá SHS

Sjónarmið SHS

- Það er mat SHS að sveitarfélögin hafi verið að niðurgreiða hlut ríkisins í kostnaði við sjúkraflutninga til fjölda ára.
- Útköll vegna sjúkraflutninga hafa aukist mikið frá því að samrekstur hófst á meðan að útköll vegna slökkvistarfa hafa staðið í stað.
- Að mati SHS hefur aukið umfang sjúkraflutninga haft þau áhrif að viðbragðsgeta slökkviliðsins er komin að þolmörkum.
- SHS telur að miðað við núverandi tilboð frá ríkinu sé hagstæðara út frá rekstrarlegum sjónarmiðum að SHS hætti samrekstri og láta sjúkraflutningana í hendur ríkisins.
- SHS undirstrikar þó að hvað varðar þjónustugæði og hagræðingu sé hagkvæmast að reka einingarnar saman og vonast því eftir lausn á deilunni.

Sjónarmið VEL

- VEL lítur til þess að greiðslur ríkisins til SHS hafa hækkað hraðar en greiðslur vegna annarrar heilbrigðisþjónustu á undanförunum árum. VEL telur einnig að framlög frá ríkinu hafi hækkað umfram aukningu á rekstrarkostnaði hjá SHS.
- VEL telur að ríkið hafi ýmsa möguleika í stöðunni hvað varðar rekstur sjúkraflutninga og telur að hægt sé að reka þá með annarri heilbrigðisþjónustu á hagkvæman hátt.
- Útreikningar VEL byggja á forsendum um nýjan rekstur utan um sjúkraflutninga, ekki á sögulegum kostnaði SHS. Þar sem VEL geti ekki stjórnað kostnaði SHS þá sé kostnaðarskipting röng forsenda til að ákvarða framlag VEL.
- Fjárlög samþykkt á Alþingi setja samningaumhverfinu þröngar skorður, Alþingi verður að samþykkja viðbótarfjárveitingar til sjúkraflutninga eins og annarra verkefna. Búið sé að fá þessari upphæð breytt einu sinni til að koma til móts við kröfur SHS og frekara svigrúm sé einfaldlega ekki til staðar.
- Þar með þurfi að líta á málið þeim augum að VEL séu reiðubúíð að greiða SHS ákveðna fjárhæð fyrir rekstur sjúkraflutninga og þá þurfi að skoða hvers konar þjónustu sé hægt að veita fyrir þá fjárhæð í stað þess að takast á um kostnaðarskiptingu.

Yfirferð á forsendum reiknilíkana

Yfirferð á forsendum

Yfirlit yfir helstu forsendur sem aðilar deila um

Rekstur sjúkraflutninga

- Eftirfarandi tafla sýnir mat beggja aðila á kostnaði við sjálfstæðan rekstur sjúkraflutninga og verður notuð sem grundvöllur fyrir yfirferð á forsendum.
- Eins og áður kom fram horfir VEL ekki á rauntölur við útreikning á greiðslu til SHS heldur metur VEL hvað það muni kosta að reka sjúkraflutningana í nýjum rekstri.
- Líkönin byggja á mismunandi nálgunum og því ber talsvert á milli í einstökum liðum.

Kostnaður við rekstur sjúkraflutninga á HB svæðinu				Álitamál
	SHS	VEL	Mismunur	
Vaktmenn	535.824	502.488	33.336	Vaktaskipulag, röðun í launaflokka (grunnlaun), ráðningarstuðull, launahækkanir
Skrifstofustarfsfólk	65.605	41.053	24.552	Fjöldi skrifstofustarfsmanna
Yfirvinna	52.585	0	52.585	Vaktaskipulag og yfirvinnuþörf skrifstofustarfsmanna
Annað	131.515	11.401	120.114	Veikindi, vöntun v/ orlofa, ófyrirséð, bifreiðastyrkir, útköll, námskeið, matur
Launatengd gjöld	200.972	108.708	92.264	Mismunandi mótframlag, samtímagreiðslur.
Samtals	986.501	663.650	322.851	
Húsnæðiskostnaður	66.358	20.250	46.108	Stærð húsnæðis og fermetraverð.
Viðhald tækja og tóla	2.802	1.250	1.552	Rekstur sjúkrabifreiða í umsjón Rauða Krossins að mestu leyti
Menntun og verkefni	40.820	13.241	27.579	Annar matarkostnaður, sérfræðipjónusta, námskeiðsgjöld, ferðalög.
Annar rekstrarkostnaður	65.235	30.400	34.835	Afnotagjöld af línum, afnot af skrá og tölvum, neyðarlínan, vinnufatnaður, slökkvifatnaður, tryggingar
Annað	2.062	1.000	1.062	Afskriftir og stjórnarlausn
Rekstrarkostnaður	177.277	66.141	111.136	
Samtals kostnaður	1.163.778	729.791	433.987	

Ath: Tilteknir liðir eru samandregnir í töflunni

Heimild: Greining KPMG byggt á rekstrarlíkani SHS og líkani Velferðarráðuneytisins

- Um 434 m.kr. munar á mati SHS og VEL á kostnaði við rekstur sjúkraflutninga.
- Munurinn felst aðallega í mismun á launakostnaði þar sem grunnlaun, ráðningarstuðull, launahækkanir, launatengd gjöld, yfirvinna og annar launakostnaður veiga þyngst.
- Hvað rekstrarkostnað varðar vegur áætlaður húsnæðiskostnaður þyngst þar sem munar talsverðu á stærð húsnæðis og fermetraverði í áætlunum.

Á næstu síðum eru helstu atriði í útreikningum hvors aðila dregin saman en nánar er fjallað um hverja forsendu fyrir sig í sérstökum kafla síðar í skýrslunni

Yfirferð á forsendum

Nálgun VEL

Forsendur VEL

- Líkan VEL er rekstrarlíkan utan um nýjan rekstur sjúkraflutninga. Það styðst ekki við sömu forsendur og SHS nema að litlu leyti.

Launakostnaður

- Grunnforsenda VEL er að ráða inn nýtt fólk til að sinna sjúkraflutningum og raða í lægri launaflokka en þó er stuðst við núgildandi kjarasamning og launatöflur.
 - Þessi forsenda gæti staðist í upphafi en gera þarf ráð fyrir því að launin þróist í átt að núverandi launastrúktúr yfir tíma m.a. vegna þess að tilfærsla á milli launaflokka er að hluta til háð starfsaldri.
 - Forsendan stenst ekki ef starfsemin er yfirtekin
 - VEL notar lægri ráðningarstuðul í sínum útreikningum en rauntölur SHS gefa til kynna
 - VEL gerir ráð fyrir þrískiptum vöktum en í dag eru vaktir SHS tvískiptar, en samkvæmt útreikningum KPMG hefur vaktafyrirkomulag lítil áhrif á launakostnað þegar vaktafyrirkomulag er borið saman á sama launagrunni
 - VEL gerir ráð fyrir engri yfirvinnu og mun lægri launatengdum gjöldum en SHS
- Niðurstaða útreikninga VEL sýna launakostnað sem er 67,3% af þeim launakostnaði sem SHS gerir ráð fyrir í sínum útreikningum

Annar rekstrarkostnaður

- Húsnæðiskostnaður er talsvert lægri í forsendum VEL þar sem gert er ráð fyrir lægra leiguverði og minna húsnæði.
- VEL reiknar með 1.100 kr./fm á meðan SHS er í dag að leigja á meðalverði sem er um 1.450 kr./fm.
 - Núverandi leiguverð SHS er í samræmi við markaðsleigu á þeim svæðum þar sem starfsemin er nú til húsnæðis. Forsendur VEL um lægra leiguverð eru því undir markaðsverði en þó undir því sem Fasteignir ríkissjóðs bjóða heilbrigðisstofnunum.

- VEL gerir ráð fyrir því að 125 fm þurfi að jafnaði fyrir hvern sjúkrabíl á meðan SHS gerir ráð fyrir 250 fm á hvern sjúkrabíl.
 - Forsendur VEL um húsnæðisþörf í nýjum rekstri verður að teljast raunhæf, en þess ber að geta að Heilbrigðisstofnun Suðurlands leigir 360 fm undir 4 bíla eða 90 fm á bíl

Áhættuþættir

- KPMG hefur ekki forsendur til að gagnrýna áætlun að nýjum rekstri sjúkraflutninga, eins og VEL stillir upp í sínu líkani og útreikningar eru réttir miðað við þær forsendur sem VEL gefur sér.
- Hins vegar telur KPMG rétt að benda á eftirfarandi áhættuþætti
 - *Mannafli.* Hvort sem gert er ráð fyrir því að manna sjúkraflutninga með núverandi starfsfólki innan heilbrigðisgeirans eða með nýju fólki þá þarf það bæði að uppfylla menntunarkröfur og hafa nauðsynlegan líkamlegan styrk.
 - *Húsnæði.* VEL gerir ráð fyrir helmingi lægri kostnaði hér en SHS. Það kann að vera rétt að hægt sé að minnka talsvert við húsnæðisbætur en hann þarf að vera staðsettur þannig að hann uppfylli kröfur um viðbragðstíma og henti að öðru leyti starfseminni. Ekki það margar staðsetningar sem koma til greina.
 - *Gæðakröfur.* Miðað við það sem sést á núverandi rekstri SHS er vert að velja því upp hvort það sé raunhæft að veita sömu þjónustu og uppfylla sömu kröfur með miklu lægri kostnaði. Ef minni gæðakröfur eru gerðar til sjálfstæðs reksturs sjúkraflutninga væri sennilega hægt að lækka kostnað.
 - *Stofnkostnaður og yfirfærsla.* Ef VEL setur upp nýjan rekstur um sjúkraflutninga þarf að taka stofnkostnað með í reikninginn. Þá má reikna með því að á meðan verið er að þjálfa nýjan mannskap í verkefni að þá verði aukakostnaður vegna tvíverknaðar og áætluð hagræðing í rekstri skili sér ekki fyrr en á seinni stigum.

Yfirferð á forsendum

Nálgun SHS

Forsendur SHS

- Rekstrarlíkan SHS, fyrir sjálfstætt félag um sjúkraflutninga, tekur mið af sögulegum rekstri félagsins og kostnaðarskiptingu sem unnin er á útkallsvið SHS.
- Kostnaðarskiptingin tekur mið af áætlaðri mönnun aðskilinna sjúkraflutninga og slökkviliðs samkvæmt greiningum SHS.
- Lykilforsenda í nálgun SHS er kostnaðarskipting á sögulegum kostnaði eftir mönnun. SHS reynir að áætla mönnun út frá eftirspurn og mannaflapörf til að anna eftirspurn. Mönnun aðskilinna liða er metin út frá:
 - Sögulegu umfangi SHS, fjölda útkalla sjúkraflutninga
 - Sögulegum rekstrarkostnaði, launakostnaði núverandi starfsmanna
 - Núverandi fjölda bækistöðva

Launakostnaður

- Launakostnaður er áætlaður út frá núgildandi launatöflu og gerir ráð fyrir meðal launaflokki 149.
- Í útreikningum sínum á launakostnaði tekur SHS mið af bráðabirgða útreikningum vegna starfsmats sem mun gilda frá 1. desember 2011 sem felur í sér talsverða hækkun milli ára. Jafnframt er tekið tillit til væntra hækkana vegna starfsaldurs.
 - Þessi hækkun milli ára er bundin í kjarasamningum og því er raunhæft að gera ráð fyrir henni
 - Yfirvinna er áætluð á allt skrifstofufólk en líklega er svigrúm til lækkunar á yfirvinnu skrifstofufólks

Annar rekstrarkostnaður

- Flestir rekstrarkostnaðarliðir í áætlun SHS um sjálfstæða sjúkraflutninga taka mið af kostnaðarskiptingu núverandi reksturs.
 - Þar sem núverandi rekstur SHS hefur þróast til að sinna tvíþættu hlutverki er mögulegt að sjúkraflutningar í sjálfstæðum rekstri gætu dregið úr einhverjum kostnaðarliðum sem hafa verið drifnir áfram upphaflega af slökkvi- og björgunarstarfi.
 - Hins vegar kann að vera að sumir kostnaðarliðir, eins og þjónusta neyðarlínunnar, sé vanmetinn út frá kostnaðarskiptingu sem byggir á mönnun frekar en eftir raunverulegri notkun á þjónustu.
- Húsnæðiskostnaður í útreikningum SHS tekur mið af núverandi leiguverði og starfsemi. Gert er ráð fyrir 250 fm á sjúkrabifreið.
 - Það leiguverð sem SHS greiðir nú er í samræmi við markaðsverð að mati KPMG á þeim svæðum sem starfsemin nær til
 - Líklegt er að sjúkraflutningar í sjálfstæðum rekstri gætu komist af í minna húsnæði en SHS gerir ráð fyrir

Yfirferð á forsendum Niðurstöður

Kostnaður við rekstur sjúkraflutninga

- KPMG telur að það sé í raun ekkert því til fyrirstöðu að ríkið setji upp nýtt félag um sjúkraflutninga ef það yrði niðurstaðan.
- Hins vegar er ekki hægt að líta framhjá þeim áhættuþáttum sem nefndir voru varandi stofnun nýs reksturs utan um sjúkraflutninga.
- KPMG metur það svo að við sjálfstæðan rekstur sjúkraflutninga sé eðlilegast að miða við yfirtöku á núverandi rekstri og því er launakostnaður sá sami og SHS áætla fyrir árið 2012.
- Í sjálfstæðum rekstri telur KPMG eðlilegt að leigukostnaður húsnæðis taki mið af markaðsvirði sem er í takti við leiguverð sem SHS greiðir nú eða 1.450 kr/fm. Hins vegar telur KPMG forsendur SHS fyrir húsnæðispörf vera háar og telur eðlilegra að miða við að jafnaði 125 fm á hvern sjúkrabíl sem leiðir til helmingi lægri húsnæðiskostnaðar en áætlanir SHS.
- Rekstrarkostnaður tekur mið af áætlun SHS fyrir utan að slökkvifatnaði hafði verið úthlutað á sjúkraflutninga og því lækkar annar rekstrarkostnaður um 4,9 m.kr.

Rekstur sjúkraflutninga - mismunandi forsendur			
	SHS	VEL	KPMG
Vaktmenn	535.824	502.488	535.824
Skrifstofustarfsfólk	65.605	41.053	65.605
Yfirvinna	52.585	0	52.585
Annað	131.515	11.401	131.515
Launatengd gjöld	200.972	108.708	200.972
Samtals laun og launatengd gjöld	986.501	663.650	986.501
Húsnæðiskostnaður	66.358	20.250	33.179
Viðhald tækja og tóla	2.802	1.250	2.802
Menntun og verkefni	40.820	13.241	40.820
Annar rekstrarkostnaður	65.235	30.400	60.335
Annað	2.062	1.000	2.062
Samtals rekstrarkostnaður	177.277	66.141	139.198
Samtals	1.163.778	729.791	1.125.699

Ath: Tilteknir liðir eru samandregnir í töflunni

Heimild: Greining KPMG byggt á rekstrarlíkani SHS og líkani Velferðarráðuneytisins

Kostnaðarskipting í samrekstri

Kostnaðarskipting í samrekstri

Yfirlit

Aðferðafræði

- Kostnaðarskipting milli slökkviliðs og sjúkraflutninga tekur mið af áætlun 2012 frá SHS sem byggir á raunverulegum rekstrarkostnaði.
- Ekki er verið að leggja mat á kostnaðarforsendur heldur er verið að nálgast eðlilega úthlutun á kostnaði til sjúkraflutninga annars vegar og slökkviliðsins hins vegar út frá núverandi rekstri.
- Í reiknilíkani SHS er að finna sundurliðun á rekstrarkostnaði. Helstu liðir sem þarf að skipta eru:
 - Launakostnaður
 - Námskeið og verkefni
 - Húsnæði
 - Viðhald tækja og bifreiða
 - Sameiginlegur kostnaður
- Heildarlaunakostnaði er skipt niður eftir stöðugildum milli forvarnarsviðs og útkallsviðs. Stoðdeild er skipt niður á sviðin tvö eftir starfsmannafjölda.
- Áætluðum rekstrarkostnaði SHS fyrir árið 2012 er skipt milli forvarnarsviðs og útkallsviðs samkvæmt starfsmannafjölda. KPMG gerir ekki athugasemd við þá nálgun, en samkvæmt henni lendir um 95,5% af rekstrarkostnaði ársins á útkallssviði.
- Skipting kostnaðar sem hér er fjallað um nær eingöngu til útkallssviðs.
- KPMG gerir ekki athugasemd við þá aðferðafræði sem SHS beitir til að skipta heildarkostnaði niður á sviðin tvö, forvarnarsvið og útkallsvið.
- Hér á eftir má sjá kostnaðarskiptingu milli sjúkraflutninga og slökkviliðs sem byggir á útreikningum SHS en með leiðréttingum KPMG á vissum liðum.

Skipting launakostnaðar

- Allir starfsmenn á útkallssviði SHS eru bæði sjúkraflutningamenn og slökkviliðsmenn og því getur verið erfitt að finna “réttu” leiðina til að skipta launakostnaði milli sjúkraflutninga og slökkviliðs.
- Ein aðferð til að nálgast skiptinguna er að skoða hve marga starfsmenn þyrfti til að manna aðskilin slökkvilið og sjúkraflutninga. Í greinargerð vegna tillögu ráðuneytis um kostnaðarskiptingu sjúkraflutninga er sú leið farin.
- Samkvæmt reiknilíkani SHS þarf 105,3 stöðugildi með stoðeildum til að sjá um sjúkraflutningana en 84,7 til að sjá um slökkviliðið. Heildarmönnun þessara aðskildu eininga er 190, þar af eru 55,4% hjá sjúkraflutningum en 44,6% hjá slökkviliði.
- Útdeiling launakostnaðar samkvæmt ofangreindri aðferðafræði leiðir til þess að af 1.289 m. kr. launakostnaði ársins 2012 er 714 m. kr. úthlutað á sjúkraflutninga og 575 m.kr. er úthlutað á slökkviliðið.

Kostnaðarskipting í samrekstri

Rekstrarkostnaður

Húsnæðiskostnaður

- Miðað er við núverandi notkun á húsnæði og ekki verið að taka afstöðu til hennar.
- Vistarverur og sameiginleg rými nema 3.393 fm. Þessum fermetrum er skipt niður á sjúkraflutninga og slökkvilið eftir mönnun.
- Bílasalir eru 2.326 fm. Skiptingin tekur mið af mati KPMG á notkun liðanna eftir heimsókn í húsin.
 - Tunguháls - 50% á slökkvilið, 50% á sjúkraflutninga
 - Skútahraun - 70% á slökkvilið, 30% á sjúkraflutninga
 - Skógarhlíð – 60% á slökkvilið, 40% á sjúkraflutninga

Sameiginlegur kostnaður

- Sameiginlegur kostnaði er skipt eftir mönnun fyrir utan kostnað vegna slökkvifatnaðar, sem fer allur á slökkviliðið.

Viðhald og rekstur tækja og bifreiða

- Þar sem rekstur sjúkrabíla er í höndum RKÍ, þá fer nær allur viðhaldskostnaður á slökkviliðið. Þó þykir rétt að setja 5% á sjúkraflutninga þar sem það fellur alltaf til einhver kostnaður við smá viðhald yfir árið.

Menntun og verkefni

- Sjúkraflutningamenn sækja fleiri námskeið á ári en slökkviliðsmenn samkvæmt útreikningum SHS á rekstrarkostnaði beggja liðanna í aðskildum rekstri.
- Kostnaði vegna menntunar og verkefna er skipt milli liðanna með því að skoða hlutfall áætlaðs fjölda klukkustunda á námskeiðum hvors liðs í aðskildum rekstri skv. SHS (6.888 á sjúkraflutninga, 3.293 á slökkvilið) af summu beggja (10.181).
- Þar með fer 67,7% á sjúkraflutninga en 32,4% á slökkvilið.

Afskriftir

- Afskriftum er útteilt með sama hætti og viðhaldskostnaði. 95% fer á slökkviliðið en 5% fara á sjúkraflutninga.

Niðurstaða

- Það er mat KPMG að taflan hér fyrir neðan sýni eðlilega skiptingu á áætluðum rekstrarkostnaði útkallssviðs SHS 2012 niður á sjúkraflutninga og slökkvilið.
- Samkvæmt þeirri skiptingu er 52% kostnaðar vegna sjúkraflutninga, 48% vegna slökkviliðsins.
- Þegar kostnaði var skipt á grundvelli álits oddamanns á rekstrarkostnaði ársins 1993, þá var hlutur sjúkraflutninga talinn 42% en hlutur slökkviliðs 58%.
- Frá þeim tíma hefur umfang sjúkraflutninga aukist verulega á meðan útköll slökkviliðsins hafa að mestu leyti staðið í stað.

Skipting rekstrarkostnaðar ársins 2012					
	Samrekstur	Sjúkraflutningar		Slökkvilið	
		%	þ. kr.	%	þ. kr.
Laun og launatengd gjöld	1.289.201	55,4%	714.217	44,6%	574.984
Húsnæðiskostnaður	126.056	48,5%	61.137	51,5%	64.919
Sameiginlegur kostnaður	82.144	49,4%	40.579	50,6%	41.565
Viðhald og rekstur tækja og bifr.	56.030	5,0%	2.802	95,0%	53.229
Menntun og verkefni	51.401	67,7%	34.773	32,4%	16.628
Afskriftir af stofnkostnaði	41.236	5,0%	2.062	95,0%	39.174
Samtals	1.646.068	52%	855.570	48%	790.498

Heimild: Útreikningar KPMG byggt á upplýsingum frá SHS

Samlegð af samrekstri

Útreikningur á samlegð

Mismunandi nálganir til að reikna samlegðaráhrif af samrekstri

Útreikningar SHS á samlegð af samrekstri

- Efri taflan til hægri sýnir útreikninga SHS á áætluðum samlegðaráhrifum ársins 2012.
- SHS áætlað kostnað við rekstur aðskilinna liða og leggur saman til að fá heildarkostnað upp á 2.127 m.kr.
- Kostnaður við samrekstur er áætlaður 1.647 m.kr. fyrir árið 2012 og því eru samlegðaráhrifin metin á 480 m.kr.
- Útreikningar SHS sundurliða kostnaðarliði hvors liðs sem sýnir að stærsti hluti samlegðaráhrifanna er í launakostnaði.

Útreikningar VEL á samlegð af samrekstri

- Neðri taflan sýnir útreikninga VEL á áætluðum samlegðaráhrifum og er miðað við árið 2011.
- VEL finnur fyrst hagræði fyrir VEL miðað við áætlaðan kostnað við sjálfstæðan rekstur, sem er 730 m.kr., að frádræginni greiðslu VEL til SHS árið 2011 sem nam 476 m.kr.
- Hagræði fyrir VEL samkvæmt þeirri nálgun er 254 m.kr.
- Næst reiknar VEL út hvað rekstur slökkviliðsins eitt og sér kostar miðað við gefnar forsendur um spörun á mannafla án sjúkraflutninga og er heildartalan 1.364 m.kr.
- Munurinn á framlagi sveitarfélaga til SHS árið 2011 og áætluðum rekstrarkostnaði við sjálfstætt slökkvilið er talið 201 m. kr.
- Samanlagt áætlað VEL með þessari aðferð að samlegð af samrekstri sé um 456 m.kr.
- Athygli vekur að þessar tvær ólíku aðferðir til að nálgast samlegðaráhrif skila áþekkri niðurstöðu.

Áætluð samlegð 2012 vegna samreksturs samkvæmt útreikningum SHS

	Sjúkrafl. (A)	Slökkvilið (B)	Samtals (A+B)	Samrekstur	Samlegð
Launakostnaður	986.503	714.404	1.700.907	1.289.801	411.106
Menntun og verkefni	40.820	32.834	73.655	51.401	22.254
Viðhald og rekstur tækja	2.802	53.229	56.030	56.030	
Húsnæðiskostnaður	66.358	70.934	137.291	126.056	11.235
Sameiginlegur kostnaður	65.235	52.473	117.707	82.144	35.564
Annað	2.062	39.174	41.236	41.236	
Samtals	1.163.778	963.048	2.126.826	1.646.667	480.158

Heimild: Rekstrarlíkan SHS

Áætluð samlegð 2011 vegna samreksturs samkvæmt útreikningum VEL

	Sjálfstæður rekstur	Samrekstur 2011	SHS 2011 án sjúkrafl. skv. VEL	Samlegð
Launakostnaður	652.249	1.318.339	1.094.336	
Rekstrarkostnaður	77.543	320.400	269.975	
Samtals	729.792	1.638.739	1.364.311	
Greiðsla VEL 2011	-476.100	-476.100		
Kostnaður sveitarfélaga		1.162.639	-1.162.639	
Hagræði sveitarfélaga			201.672	
Hagræði VEL 2011	253.692			
Samtals	253.692		201.672	455.364

Heimild: Reiknilíkan VEL

Útreikningur á samlegð

Útreikningar á samlegð

- Áætluð samlegð við samrekstur byggir á mati KPMG á kostnaði við sjálfstæðan rekstur sjúkraflutninga og mati SHS á kostnaði við sjálfstæðan rekstur slökkviliðs.
- Þær tölur eru lagðar saman og kostnaður samkvæmt rekstraráætlun er dreginn frá. Mismunurinn er áætluð samlegð. Þannig er samlegðin áætluð 442 m.kr. miðað við árið 2012 eða sem nemur 21,2% af samanlögðum kostnaði í aðgreindum rekstri.
- Eins og fram kom í fyrri umfjöllun hafa fjöldi útkalla slökkviliðs og sjúkraflutninga verið nokkuð stöðug undanfarin ár. Af þeirri forsendu má gera ráð fyrir að samlegðarhlutfallið hafi verið það sama á undanförunum árum.
- Í töflunni hliðar er samlegð ársins 2008-2011 samlegð samkvæmt útreikningum ofangreindum forsendum og mati KPMG á kostnaði við rekstur slökkviliðs.
- Uppsöfnun samlegð frá 2008 til 2011 er um 1.749 m.kr. Ef áætluð samlegð 2012 er bætt við hækkaðan talan í 2.191 m.kr.

Kostnaður við rekstur SHS og greiðslur frá eigendum og VEL					
	2008	2009	2010	2011	2012*
Samrekstur	1.601.946	1.724.372	1.633.172	1.555.137	1.646.667
Aðskilinn rekstur	2.032.019	2.187.312	2.071.628	1.972.643	2.088.747
Mismunur	430.073	462.940	438.456	417.506	442.079
Samtals				1.748.975	2.191.054

Heimild: Útreikningar KPMG byggðir á upplýsingum frá SHS

Tillögur KPMG

Ekki raunhæft að brúa bilið í einu stökki

- Samningstilboð SHS er 778 m.kr sem jafngildir 46% af heildarkostnaði við rekstur útkallsviðs. Eftir stendur kostnaður sem sveitarfélögin þurfa að bera sem er 1.045 m.kr. sem er nokkru hærri tala en áætlun þeirra um sjálfstæðan resktur slökkviliðs.
 - SHS telur að greiðsla VEL ætti að taka mið af sanngjarnri skiptingu kostnaðar milli sjúkraflutninga og slökkviliðs, en að mati SHS myndi það þýða að greiðsla VEL næmi um 54% af rekstrarkostnaði útkallsviðs
- Samningstilboð VEL er 608 m.kr. sem jafngildir 36% af heildarkostnaði og er um 120 m.kr. lægra en áætlun VEL um kostnað við sjálfstæðan rekstur sjúkraflutninga.
- Eftir stendur að bilið milli samningsaðila er mikið og sjónarmið aðila eru afar ólík. Þannig verður erfitt að ná niðurstöðu í samningum sem báðir geta vel við unað og líklegt að ágreiningurinn haldi áfram þegar reynt er að komast að niðurstöðu um greiðslur fyrir hvert ár.
- Á meðan staðan er þessi eru báðir aðilar að horfa á samninga til skamms tíma og stöðugt að meta kosti þess að hætta samrekstri vegna þess að þeir telja núverandi fyrirkomulag óásættanlegt. Slík staða er afar óheppileg þar sem báðir aðilar telja á sama tíma að í samrekstri felist verulegt hagræði og sé því þjóffélagslega heppilegri en aðgreindur rekstur.
- Þessi staða er líka óheppileg með tilliti til allra ákvarðana sem snúa að framtíðar uppbyggingu og þróun starfseminnar hvort sem það snýr að húsnæðismálum, þjálfun eða öðrum þáttum.

Tillaga nýrri nálgun

- KPMG telur að möguleg lausn á vandanum sem deiluaðilar standa frammi fyrir gæti falist í gerð langtímasamnings þar sem stefnt væri að því að brúa bilið yfir tiltekinn fjölda ára.
- Langtímasamningur myndi gera fjárfestingar öruggari og langtímarekstur SHS hagkvæmari
 - Þörf er á nýrri stöð en í núverandi áætlunum SHS er hún skipulögð eingöngu með slökkvistarf í huga
- Langtímasamningur myndi losa aðila við árlegar kröfur um verulega hækkun framlags og erfiðar samningaviðræður.
- Lagt er til að samningsaðilar lyfti viðræðunum úr þeim farvegi sem þær nú eru í og hefji viðræður um gerð langtímasamnings sem væri til a.m.k. 5 ára en jafnvel mun lengri. Í þeim samningi verði unnið útfrá eftirfarandi markmiðum:
 - Aðilar komi sér saman um grundvöll fyrir útreikning á árlegri greiðslu VEL
 - Sett fram markmið um áframhaldandi raunlækkun heildarkostnaðar til langs tíma í rekstri SHS

Umfjöllun um forsendur

Umfjöllun um forsendur Röðun í launaflokka

SHS

- Grunnlaun vaktmanna fara eftir launatöflum í kjarasamningum.
- Launatöflurnar skiptast í nokkra launaflokka og raðar SHS starfsmönnum sínum í þessa flokka miðað við verkefni, menntun, námskeið, ábyrgð ofl.
- SHS gerir ráð fyrir því að meðal launaflokkur fyrir rekstur sjúkraflutninga sé flokkur 149 (flokkur 143 fyrir rekstur slökkviliðs og flokkur 150 fyrir samrekstur) sem þýðir að séu sjúkraflutningar reknir einir og sér munu starfsmenn að meðaltali lækka um einn launaflokk.
- SHS notast við launaflokka í þrepi 4. Hér er þó ekki búið að taka tillit til niðurstaðna úr starfsmati sem er greint frá nánar seinna í skýrslunni.
- SHS miðar við 4,4% launahækkun 1. mars 2012 og er þá tekið tillit til tilfærslna á milli launaflokka vegna starfsaldurs. Auk þess áætla SHS 12,8% hækkun vegna starfsmats (skv. bráðabirgðaútreikningum).

VEL

- Megin forsenda VEL er að taki það yfir rekstur sjúkraflutningana muni það ekki taka yfir núverandi rekstur heldur stofna nýjan rekstur.
- Þar með myndi ríkið ráða inn starfsfólk skv. þeirra kröfum og launakjörum, en ekki notast við sömu röðun í launaflokka og SHS. Þó er stuðst við núverandi kjarasamninga.
- VEL gerir ráð fyrir reglulegri endurnýjun í flotanum þannig að samsetning launaflokka (lágt raðað v.s. hátt raðað) sé u.þ.b. eins til lengri tíma litið og í takt við samsetningarkröfur vinnuafis á bíla.
- VEL gerir ráð fyrir því að meðal launaflokkur sé flokkur 148.

- VEL gerir ráð fyrir því að starfsmenn falli í annaðhvort þrep 3 eða þrep 4.
- Þar sem VEL tekur ekki tillit til sömu launahækkana og SHS og bráðabirgða niðurstaðna úr starfsmati, lækka launin í heild sinni um talsvert meira en tvo launaflokka.

Umsögn KPMG

- Laun byggja á menntun, endurmenntun og verkefni núverandi starfsmanna og því ber að taka tillit til núverandi röðunar í launaflokka.
- Þar sem stór hluti af menntun starfsmanna í samrekstri tengist sjúkraflutningunum myndi sjálfstæður rekstur sjúkraflutninga eingöngu hafa í för með sér launalækkun upp á 1-2 launaflokka.
- Ef um væri að ræða yfirtöku á núverandi rekstri væri takmarkað svigrúm til launalækkana jafnvel þó starfsvið starfsmannanna þrengist
 - Skv. 19 grein laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er áskilið að hafi breytingar á starfi í för með sér skert launakjör starfsmanns skuli hann halda óbreyttum kjörum.
- Hinsvegar er ekki hægt að útiloka að VEL stofni nýjan rekstur með nýju starfsfólki og í því tilfalli er ekki hægt að segja til um röðun í launaflokka en sú röðun færi eftir mati ríkisins.
 - T.d. gæti ríkið tekið þá ákvörðun að manna stöður sjúkraflutningamanna með öðru starfsfólki innan heilbrigðiskerfisins, s.s. læknum, hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum.
 - Engu að síður þarf að gera ráð fyrir því að kjarasamningar sjúkraflutningamanna gildi og því þarf að gera ráð fyrir því að röðun í launaflokka þokist í sömu átt og nú er hjá SHS, m.a. vegna hækkandi starfsaldurs og endurmenntunar.

Umfjöllun um forsendur Launahækkunar

SHS

- Í útreikningum sínum á launakostnaði tekur SHS mið af bráðabirgða útreikningum vegna starfsmats sem mun gilda frá 1. desember 2011.
- Starfsmatið er skv. bókun 1 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Landssamband slökkvi- og sjúkraflutningamanna.
 - Starfsmatið felur í sér endurröðun í launaflokka skv. menntun starfsmanna, endurmenntun og námskeið um sem starfsmenn hafa setið.
 - Megin markmið starfsmatsins er að leiðrétta kjör þeirra sem koma inn í starfið með ákveðna menntun.
 - Menntun hefur meiri áhrif á launin heldur en námskeið
 - Kjarasamningur kveður á um að starfsmatið geti ekki leitt til þess að starfsmenn lækki í launum.
- Þegar starfsmatið var sett í kjarasamningana voru framkvæmdir bráðabirgða útreikningar á áhrifum á laun slökkvi- og sjúkraflutningamanna. Miðað við þá útreikninga munu starfsmenn hækka um 12,8% í launum.
- Því miðar SHS við hækkun um þessi 12,8% í útreikningum sínum á launakostnaði við rekstur sjúkraflutninga.
- SHS reiknar einnig út árlegar launahækkunar skv. kjarasamningum og tekur inn í reikninginn starfsþróun og hækkun á starfsaldri. Samkvæmt þessum útreikningum gerir SHS ráð fyrir 4,4% launahækkun skv. kjarasamning þann 1. mars 2012.

VEL

- VEL tekur ekki með í reikninginn launahækkun vegna starfsmatsins þar sem niðurstöður liggja ekki fyrir og óvíst hvaða hækkunar eiga við um sjúkraflutningamenn eingöngu.
- VEL gerir ráð fyrir 3,5% hækkun skv. kjarasamningum og tekur því ekki með í reikninginn hækkunar vegna starfsþróunar.

Umsögn KPMG

- Taki VEL yfir rekstur sjúkraflutninga í núverandi mynd ber þeim því að hlíta niðurstöðum úr starfsmati.
- Sú hækkun sem SHS gerir ráð fyrir (4,4%) tekur tillit til starfsþróunar starfsfólks og ber því að fara eftir henni við mat á eðlilegri kostnaðarskiptingu.
- Ef VEL kys að stofna nýjan rekstur í kringum sjúkraflutningana er þeirra mat á launahækkun raunhæft en gera má ráð fyrir því að laun þokist í átt að launum SHS sbr. fyrri umfjöllun.

Um fjöllum um forsendur

Vaktaskipulag

SHS

- SHS rekur slökkvistarfar og sjúkraflutninga með tvískiptum 12 tíma vöktum og notar til þess fjóra vakthópa.
 - Starfsmenn vinna á dagvakt (07:30-19:30) eða næturvakt (19:30-7:30).
 - Þar sem um fjóra vakthópa er að ræða leiðir þetta til 42 tíma vinnuviku að meðaltali fyrir hvern starfsmann. Þar af leiðir að hver starfsmaður fær að meðaltali greidda tvo yfirvinnutíma á viku auk vaktaálags, skerðingar á matartímum og samvistunartíma.
- SHS telur að ekki hljótist mikið hagræði af því að skipta yfir í þrískipt vaktaskipulag því það myndi alltaf kosta meira að ráða inn fleira fólk í stað þess að greiða hverjum starfsmanni um 2 yfirvinnutíma á viku.
- SHS tekur ennfremur fram að þar sem vaktmenn geti hvílt sig á vinnutíma þegar álag er lítið komist þeir upp með að hafa vaktir lengri, álag komi í mjög snörpum skömmtum.

VEL

- VEL telja að hagstæðara sé að notast við þrískiptar 8 tíma vaktir til að lágmarka yfirvinnugreiðslur.
- Þetta vaktaskipulag myndi þýða að fjölga þyrfti starfsfólki.
 - Ekki hægt að nota einungis fjóra vakthópa og jafnframt heiðra lágmarks hvíldartíma skv. kjarasamningum
 - Fjölga þyrfti því um einn vakthóp og fara þar með upp í fimm vakthópa
- VEL telur þetta skynsamlegri kost og bendir á að flestar heilbrigðisstofnanir byggji á þrískiptu vaktakerfi starfsmanna.
- Starfsfólk yrði því í um 84% vinnu sem er algengt þegar um vaktavinnu er að ræða.
- Með þessu vaktaskipulagi væri hægt að lágmarka yfirvinnugreiðslur að mati VEL.

Umsögn KPMG

- KPMG stillti upp útreikningum miðað við bæði tví- og þrískiptar vaktir til að reikna út hvor kosturinn væri hagstæðari.
 - Öllum öðrum breytum var haldið föstum til að fá óskekkt mat
- Notast var við eftirfarandi forsendur:
 - Meðallaun upp á rúmlega 300 þúsund skv. meðal grunnlaunum í reiknilíkani SHS.
 - Þar sem starfsfólk í 5 vakthópum vinnur að meðaltali einungis 33,6 tíma á viku er starfshlutfalli fyrir þrískiptar vaktir stillt í 84%.
 - Launatengd gjöld eru 24,59%
 - Annað álag er álag vegna vakta, skerts matartíma, samvistunartíma, orlofs ofl. Tekið er meðaltal af því álagi sem bæði SHS og VEL stilla upp skv. þeirra forsendum. Meðaltalið gefur álag upp á 74%. Hinsvegar er ekki gert ráð fyrir samvistunartíma á þrískiptum vöktum. Því lækkar álagið niður í 73% fyrir þrískipt vaktaskipulag.
 - Yfirvinnuprósentu er skv. kjarasamningum.

Forsendur	þrískipt	tvískipt
Meðallaun á mánuði (kr)	300.737	300.737
Starfshlutfall m.v. þrískiptar vaktir	84%	
launatengd gjöld	24,6%	24,6%
annað álag	73%	74%
yfirvinnu %		1,0385%

Heimild: Gögn frá SHS og VEL og greining KPMG

- Útreikninga má sjá á næstu síðu.

Umfjöllun um forsendur Vaktaskipulag

Útreikningar KPMG

- Miðað er við 22 starfsmenn á vakt og því eru 88 vaktmenn miðað við vaktaskipulag með tvískiptum vöktum og 110 vaktmenn miðað við vaktaskipulag með þrískiptum vöktum.
- Niðurstöðu má sjá hér fyrir neðan:

Útreikningur	þrískipt	tvískipt
Starfsmannafjöldi	110	88
Launakostnaður á mán	59.899.470	57.372.262
Yfirvinnugreiðslur á mán		2.739.361
Heildarlaunakostnaður á mán	59.899.470	60.111.622
Heildarlaunakostnaður á ári	718.793.640	721.339.466
Mánaðarlaunakostnaður per starfsmann	544.541	683.087

Heimild: Gögn frá SHS og VEL og greining KPMG

- Miðað við að starfsfólk á þrískiptum vöktum sé með 84% starfshlutfall er heildar launakostnaður örlítið hærri á þrískiptum vöktum.
- Launakostnaður á hvern starfsmann er talsvert hærri í tvískiptu vaktaskipulagi enda hærra starfshlutfall.
- Þar sem þrískipt vaktaskipulag hefur í för með sér ráðningu fleiri starfsmanna ætti þjálfunar- og menntunarkostnaður að vera hærri.

Umsögn KPMG

- Miðað við niðurstöður þessara útreikninga er óverulegur munur á þessum tveimur vaktakerfum.
- Því getur tvískipt vaktakerfi ekki talist óhagstæðara á grundvelli launakostnaðar sem fellur til við vaktaskipulagið.
- Taki VEL yfir rekstur sjúkraflutninga gætu þau breytt vaktakerfinu yfir í þrískipt vaktaskipulag en það myndi ekki leiða til verulegs sparnaðar.
- Það er því mat KPMG að það vaktaskipulag sem SHS hefur notað undanfarin ár leiði ekki til óhagræðis samanborið við vaktaskipulag með þrískiptum vöktum.

Um fjöllum um forsendur Launatengd gjöld

SHS

- SHS metur hlutfall launatengdra gjalda samkvæmt upplýsingum úr kjarasamningum. Launatengd gjöld eru metin á eftirfarandi hátt:
 - 23,5% ef samtímagreiðslur hluta starfsmannanna eru ekki teknar með í reikninginn.
 - 26,5% ef reiknað er með þessum samtímagreiðslum fyrir hluta starfsmanna.
 - 21,5% sem launatengd gjöld á yfirvinnu þar sem viðbótarlífeyrir er ekki dregin af yfirvinnugreiðslum.
- Skv. kjarasamningi sveitafélaganna við Landssamband slökkvi- og sjúkraflutningamanna (LSS) er mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð skilgreint sem 12%.
- Fyrir starfsmenn í samtímagreiðsluferfi er því í raun greitt 21% sem mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð í staðinn fyrir ofangreind 12%.

VEL

- VEL metur hlutfall launatengdra gjalda sem 20% af heildar launakostnaði.
- Þessi tala er fengin úr launakerfi ríkisins og eru samtímagreiðslur ekki teknar með í reikninginn.
- VEL gerir ekki ráð fyrir að greiða 12% mótframlag í lífeyrissjóð (í stað 8%) þar sem það er eingöngu tilgreint í kjarasamningi LSS við sveitafélögin en ekki þeim samningi sem gerður var við ríkið.

Umsögn KPMG

- KPMG metur hlutfall launatengdra gjalda miðað við upplýsingar úr kjarasamningum og upplýsingum frá vef ríkisskattstjóra.
- Miðað við 12% mótframlag í lífeyrissjóð leiðir KPMG út hlutfall sem er í samræmi við hlutfall SHS nema að við bætist tryggingagjald af mótframlögum atvinnurekanda í lífeyrissjóð sem er um 1,09%.
- Launatengd gjöld eru samtals 24,59% af launagreiðslum.

Launatengd gjöld			
Liður	%	Kjarasamn. 1*	Kjarasamn. 2**
Mótframlag í lífeyrissjóð	12,00%	--	kafli 13.5.1
Mótframlag í viðbótarlífeyrissjóð	2,00%	kafli 15.1.1	kafli 13.5.1
Orlofssjóður	0,50%	kafli 4.9.1	kafli 13.3.1
Starfsmenntunarsjóður	0,33%	kafli 10.3.1	kafli 13.4.1
BSRB styrktar og fjölskyldusjóður	0,75%	kafli 14.4.1	kafli 13.6.2
Starfsendurhæfingarsjóður	0,13%	kafli 14.5.1	kafli 13.7.1
Tryggingargjald	7,79%	Ríkisskattstjóri	Ríkisskattstjóri
Tryggingargjald af mótframlagi í lífeyrissjóð	1,09%	Ríkisskattstjóri	Ríkisskattstjóri
Launatengd gjöld samtals	24,59%		

*Kjarasamn 1 = Kjarasamningur Fjármálaráðuneytisins við landssamband slökkvi- og sjúkraflutningamanna

**Kjarasamn 2 = Kjarasamningur Sambands Íslenskra sveitarfélaga við landssamaband slökkvi- og sjúkraflutningamanna

Heimild: Upplýsingar úr kjarasamningum, upplýsingar sóttar af vef Ríkisskattstjóra ásamt greiningu KPMG

- Ef VEL tekur yfir rekstur sjúkraflutninga er hinsvegar ekki hægt að gera ráð fyrir 12% mótframlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóð þar sem það er ekki tekið fyrir í kjarasamningi við ríkið. Líklegt er því að mótframlag yrði nálægt lögbundnu mótframlagi upp á 8%.
- Miðað við 8% mótframlag yrðu launatengd gjöld því 20,28% sem er nálægt mati VEL.

Umfjöllun um forsendur Samtímagreiðslur

SHS

- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var stofnað árið 2000 með sameiningu Slökkviliðs Hafnarfjarðar og Slökkviliðs Reykjavíkur. Starfsmenn Slökkviliðs Hafnarfjarðar og Reykjavíkur greiddu í mismunandi lífeyrissjóði og við sameininguna var því ákveðið að gera upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar sveitafélaganna vegna þessara starfsmanna.
- Sú ákvörðun var tekin að samtímagreiða lífeyrisskuldbindingar hjá SHS í samræmi við ákvæði í samþykktum sjóðanna. Í því felst iðgjaldagreiðsla (12%) og samtímagreiðsla sem er áætluð árlega af tryggingastærðfræðingi sjóðsins. Í árslok er reiknað út hvað iðgjaldið hefði þurft að vera og fer þá fram uppgjör milli SHS og lífeyrissjóðsins.
- Markmið með samtímagreiðslum sjóðsfélaga er að raunverulegur kostnaður SHS vegna þessa komi fram í rekstrarreikningi félagsins en myndi ekki framtíðar skuldbindingar á efnahagsreikningi.
- Ákvörðun um þessar samtímagreiðslur var tekin fyrir og samþykkt á fundi stjórnar SHS árið 2000.
- SHS vill ekki þurfa að sitja uppi með þessa skuldbindingu ef samrekstri verður hætt og þykir sanngjarnt að ríkið taki þátt í þessum kostnaði.

VEL

- Samkvæmt VEL er þessi staða þekkt vandamál sem á sér stað þegar starfsfólk frá sveitarfélögum til ríkis og ekki á sér stað uppgjör á milli lífeyrissjóða. Ríkið tekur yfir skyldur þessara starfsmanna en áunnin staða er hærri en innborguð réttindi. Þetta myndar mismun sem ríkisfyrirtæki eru krafín um.
- Nú hefur verið stofnaður vinnuhópur sem vinnur að lausn þessara deilu
- Ríkið getur því ekki blandað sé í þetta ágreiningsmál með því að samþykkja þessar greiðslur á meðan unnið er að lausn deilunnar. Því sé skynsamlegra að ýta þessu máli til hliðar á meðan að beðið er eftir niðurstöðu frá vinnuhópi.

Umsögn KPMG

- Miðað við upplýsingar frá aðilum máls er nú vinnuhópur sem vinnur að lausn þessarar deilu og er það því mat KPMG að rétt sé að bíða niðurstöðu þeirrar vinnu.
- Ef samrekstri er haldið áfram er hinsvegar mikilvægt að huga að einhverskonar samkomulagi sem segir til um það að ríkið taki yfir skuldbindinguna ef samrekstri verður hætt
- Ljóst er að SHS er skuldbundið til greiðslu samtímagreiðslna og er það því raunverulegur kostnaður hjá SHS. Þegar horft er til skiptinga á raunkostnaði verður að taka tillit til þessa kostnaðar.
- EF VEL stofnar nýjan rekstur í kringum sjúkraf lutningana tekur sá rekstur ekki yfir þennan kostnað.

Umfjöllun um forsendur Ráðningarstuðull

SHS

- SHS gerir ráð fyrir 1,4 í ráðningarstuðul sem þýðir að á hverri vakt eru þeir með 40% yfirmönnun til að “dekkja” vöntun vegna veikinda, orlofa, námskeiða ofl.
- Ráðningarstuðullinn er áætlaður út frá fenginni reynslu SHS.
- Miðað við þennan ráðningarstuðul er gert ráð fyrir að hver starfsmaður taki um 2 aukavaktir á mánuði.
- Sú vöntun sem myndast eftir sem áður vegna veikinda, orlofa og annarra forfalla myndar kostnað upp á 90 milljónir að mati SHS til viðbótar við hækkun launakostnaðar skv. ráðningarstuðlinum.

VEL

- VEL gerir ráð fyrir ráðningarstuðli upp á um það bil 1,25. Þeirra líkan notast ekki við eiginlegan ráðningarstuðul en til samanburðar má gera ráð fyrir 25% yfirmönnun.
- Annar kostnaður sem er innifalinn í ráðningarstuðli SHS er sérgreindur í reiknilíkani VEL og kemur fram í sundurliðun á launakostnaði.

Umsögn KPMG

- Sá ráðningarstuðull sem SHS notar í sínu líkani er talsvert hærri og byggir á uppsafnaðri reynslu af rekstri í núverandi mynd.
- Hætta er á að ráðningarstuðull upp á 1,25 sem VEL styðst við í sínu líkani leiði til vanmats á launakostnaði.

Um fjöllum um forsendur Starfsmannapörf á skrifstofu

SHS

- SHS gerir ráð fyrir því að ef sjúkraflutningarnir séu reknir sér þurfi að gera ráð fyrir 13,5 skrifstofustarfsmönnum
 - Skv. SHS þarf stöðvarstjóra á hverja stöð (3 starfsmenn) til að sjá um mönnum stöðvarinnar, sinna málum tengdum orlofi og námskeiðum ásamt því að sjá um umhirðu tækja og tóla. Þar að auki er hver stöðvarstjóri faglegur ábyrgðaraðili fyrir slökkvistarfi, sjúkraflutningum eða landflokki.
 - Skv. SHS þarf að gera ráð fyrir 1,25 starfsmanni á verkstæði þrátt fyrir að rekstur sjúkrabifreiða sé á vegum Rauða Krossins. Ástæðan fyrir þessu er fengin reynsla Slökkviliðsins en þeir hafa þurft að hafa starfsmann í því að sjá um alls kyns viðgerðir ásamt öðru stússi vegna sjúkrabifreiðanna.
 - Skv. SHS þarf einnig að gera ráð fyrir 1,5 stöðugildi í tölvu og gagnavinnslu, þessir starfsmenn sjá um að vinna tölfærðiskýrslur út frá búnaði í bílunum t.a.m. til að halda utan um viðbragðstíma skv. fyrirmælum úr kröfulýsingu VEL.
 - Skv. SHS þarf að gera ráð fyrir 1,25 starfsmanni í eldhús
 - Skv. SHS þarf að gera ráð fyrir 3,5 starfsmönnum í bókhald, reikningagerð og launavinnslu.
- Þar að auki gerir SHS ráð fyrir 180 greiddum yfirvinnutímum á ári fyrir alla skrifstofustarfsmennina. Dæmi um greidda yfirvinnu er þegar skrifstofumenn eru kallaðir inn í skráningar o.p.h. í stærri útkallsverkefnum.

VEL

- VEL gerir ráð fyrir því í sjálfstæðum rekstri sjúkraflutninga þurfi að gera ráð fyrir 7 skrifstofustarfsmönnum
 - VEL gerir ekki ráð fyrir stöðvarstjóra á hverri stöð heldur einum starfsmanni sem er í raun vaktstjóri allra stöðvanna ásamt því að sjá um mönnum o.p.h.
 - VEL gerir ekki ráð fyrir starfsmönnum á verkstæði þar sem rekstur sjúkrabifreiða er á vegum Rauða Krossins.

- VEL gerir ekki ráð fyrir starfsmanni í tölvuvinnslu og gerir ráð fyrir 1 starfsmanni í eldhús og 3 í bókhald.
- VEL gerir ekki ráð fyrir yfirvinnugreiðslum fyrir skrifstofustarfsmenn.

Umsögn KPMG

- Það er mat KPMG að eitthvert svigrúm sé fyrir hagræðingu í þessum þætti rekstrarins.
- Í sjálfstæðum rekstri væri líklega hægt að fækka stöðvarstjórum og auka valdsvið varðstjóra. Hins vegar er ekki líklegt að það leiði til lækkunar heildarkostnaðar þar sem núverandi stöðvarstjórar erum með ábyrgðarsvið sem myndi einfaldlega færast á almennan kostnað yfirstjórnar.

Umfjöllun um forsendur Leiguverð húsnaðis

SHS

- SHS byggir sínar tölur um fermetraverð á rauntölum úr rekstrinum en SHS leigir húsnaði af SHS fasteignum, sem er dótturfélag SHS.
- SHS greiðir að meðaltali tæplega 1.450 krónur í leigu á fermetra á starfsstöðvum sínum

Fermetraverð			
	Stærð	Mánaðarleiga	Fermetraverð
Skútahraun		2.403.713,00	
Skútahraun vaskur		600.928,25	
Skútahraun samtals	1640	3.004.641,25	1.832,10
Skógarhlíð 1		2.050.287,00	
Skógarhlíð 2		2.009.013,00	
Skógarhlíð vaskur		502.253,25	
Skógarhlíð samtals	2941	4.561.553,25	1.551,02
Tunguháls		1.011.464,00	
Tunguháls vaskur		0,00	
Tunguháls samtals	1138	1.011.464,00	888,81
		Meðalverð	1.423,98
		Vegið meðalverð	1.499,85

Heimild: upplýsingar frá stjórnendum SHS og greining KPMG

- SHS bendir einnig á að ekki sé raunhæft að byggja viðmið um fermetraverð á lágsta mögulega fermetraverði á höfuðborgarsvæðinu
 - Húsnaði undir slökkvistarf og sjúkraflutninga þarf að uppfylla ákveðnar kröfur um búnað
 - Staðsetning á húsnaðinu skiptir meginmáli til að hægt sé að lágmarka viðbragðstíma skv. kröfulýsingu. Viðbragðstími markast af svæðinu sjálfu sem stöðin er staðsett á og einnig nálægð við helstu umferðaræðar.

VEL

- VEL telur að það fermetraverð sem SHS sé að greiða sé talsvert yfir því verði sem eðlilegt gæti talist.
- VEL miðar við 1.100 krónur á fermetrann og vilja meina að það séu til mörg sambærileg dæmi um þetta verð í rekstri annarrar opinberrar þjónustu.
- VEL bendir t.a.m. á að slökkviliðið á Selfossi sé að leigja húsnaði á 1.250 krónur á fermetra.

Álit KPMG

- Fermetraverð SHS er í takt við markaðsverð að mati KPMG, miðað við góða staðsetningu og gott aðgengi sem nauðsynlegt er í slíkri starfssemi.
- Að mati KPMG er ekki hægt að nota fermetraverð á Selfossi sem viðmið þar sem það miðast við byggðarkjarna utan höfuðborgarsvæðisins.

Umfjöllun um forsendur

Stærð húsnæðis

SHS

- SHS áætlar um 2.900 fermetra í húsnæði fyrir rekstur sjúkraflutninga.
- Matið byggist á fermetranotkun í núverandi rekstri. Núverandi fermetrafjöldi fyrir samrekstur slökkvi- og sjúkraflutninga er 5.700. Slökkvibifreiðarnar eru færri en taka meira pláss og því er gert ráð fyrir sambærilegum fermetrafjölda fyrir rekstur slökkviliðs og sjúkraflutninga eða 2.800 og 2.900 fm.
- Miðað er við um 250 fermetra á hverja sjúkrabifreið.
 - Það mat á að gera ráð fyrir pláss í geymslusal, búningaöstöðu, kennslusal, vistarverum starfsmanna, eldhúsi, salernisaðstöðu ofl.
- Húsnæðið skiptist u.þ.b. í 40% vistarverur starfsmanna og 60% bílasali.

VEL

- VEL gerir ráð fyrir 125 fermetrum á hverja sjúkrabifreið eða allt í allt 1.250 fermetrum (ef miðað er við 10 sjúkrabifreiðar). Sé miðað við 12 sjúkrabifreiðar líkt og SHS gerir þá er heildar fermetrafjöldi 1.500.
- Þessi áætlun er í takt við það sem Heilbrigðisstofnun Suðurlands leigir samkvæmt leigusamningi, en þar eru leigðir 90 fermetrar á hverja sjúkrabifreið og inn í þeirri leigu er skápaðstaða og vistarverur starfsmanna.
- VEL telur því að þeirra áætlun sem gerir ráð fyrir 125 fermetrum á bifreið sé vel ríflæg.
- VEL nefnir einnig að ef þau myndu stofna sjálfstæðan rekstur fyrir sjúkraflutningana yrði húsnæðisskipulagi mögulega gjörbreytt. Mögulega yrði þá einhver samnýting á húsnæði með annarri opinberri þjónustu sem myndi lágmarka fermetraþörf fyrir reksturinn enn frekar.

Álit KPMG

- Að mati KPMG er rétt að taka mið af rekstrinum á Suðurlandi, þar sem gert er ráð fyrir 90 fermetra á hverja sjúkrabifreið.
- Á þeirri stöð er búningaaðstöðu ábótavant og ekki er gert ráð fyrir kennsluaðstöðu.
- Þar með er mat VEL ekki óraunhæf nálgun á fermetrafjölda í sjálfstæðum rekstri.
- Hinsvegar er SHS með langa leigusamninga við núverandi leigusala og því rétt að taka tillit til núverandi stöðu þegar horft er til eðlilegrar skiptingar á kostnaði í samrekstri.
- Skv. SHS er skipting núverandi húsnæðis á þessa vegu:
 - 60% bílasalir
 - 40% vistarverur (skrifstofur, kennslusalir, eldhús, herbergi starfsmanna, baðherbergi o.s.frv.)
- Ekki er víst að VEL myndi ætla jafn stóran hluta af húsnæðinu í vistarverur starfsmanna.

Umfjöllun um forsendur

Annar rekstrarkostnaður

SHS

- SHS gerir ráð fyrir töluvert meiri kostnaði heldur en VEL í eftirtöldum liðum:
 - Vinnufatnaður (100 þúsund á starfsmann)
 - Sérfræðipjónusta (11,2 milljónir)
 - Matarkostnaður (9,3 milljónir)
 - Námskeiðsgjöld og ferðalög (8,3 milljónir)
 - Gjöld vegna Neyðarlínunnar (13,3 milljónir sem er hlutdeild sjúkraflutninga út frá mönnun)
 - Tryggingar (4,4 milljónir)
 - Slökkvifatnaður (4,9 milljónir)
- Þessar tölur koma beint úr bókhaldi SHS vegna samreksturs og er kostnaði skipt hlutfallslega á milli slökkviliðs og sjúkraflutninga þar sem við á, miðað við fjölda starfsmanna.

VEL

- VEL gerir hinsvegar ráð fyrir eftirfarandi kostnaði við þessa sömu liði
 - Vinnufatnaður (30 þúsund á starfsmann)
 - Sérfræðipjónusta (4,3 milljónir)
 - Matarkostnaður (4,9 milljónir)
 - Námskeiðsgjöld og ferðalög (5 milljónir)
 - Gjöld vegna Neyðarlínunnar (7 milljónir)
 - Tryggingar (2 milljónir)
 - Slökkvifatnaður (0)
- VEL áætlar þessar tölur út frá sambærilegum rekstri í almennri heilbrigðisþjónustu.

Álit KPMG

- Það er mat KPMG að VEL sé að vanmeta kostnað við vinnufatnað því skv. kjarasamningi er skylda að útvega fatnað sem nemur meira en 30 þúsund krónum á ári.
- Skv. VEL er matarkostnaður vanmetinn og því er eðlilegt að það verði hækkun á þeim lið.
- Skv. SHS eru það mistök að gera ráð fyrir slökkvifatnaði við rekstur sjúkraflutninga og því er eðlilegt að taka þann lið út úr útreikningum SHS.
- Kostnaður vegna Neyðarlínunnar er 6.3 m.kr. hærrí í mati SHS og byggir sú tala á raunkostnaði vegna þjónustunnar. Það er erfitt að sjá hvernig VEL gæti lækkað þann kostnað í sjálfstæðum rekstri.
 - Stærsti liður í kostnaði vegna neyðarlínunnar er viðbótarþjónusta starfsmanna Neyðarlínunnar við að skrá ýmsar upplýsingar sem notaðar eru í nauðsynlega greiningarvinnu, leiðbeiningar til sjúkra og slökkviliðsmanna í útköllum o.s.frv.



cutting through complexity™

© 2012 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative (“KPMG International”), svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn, kennimark og “cutting through complexity” eru skráð vörumerki KPMG International Cooperative (“KPMG International”).